



Dú ert hér: Forsíða / Fréttir / Upplýsingar um síðustu ungnaut úr 2012 árgangi

Leita

## Nýjustu fréttir

## Frétt

Upplýsingar um tíu naut úr 2018 árgangi

Jónki 16036 er undan Góa 08037

Breytingar á reyndum nautum í notkun

Nám fyrir verðandi frjótækna

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

## Upplýsingar um síðustu ungnaut úr 2012 árgangi

11/03/2014


Nú eru komnar upplýsingar um sex ungnaut til viðbótar hér á vef nautskráarinnar. Þetta eru síðustu ungnaut sem koma til dreifingar úr 2012 árgangi nauta og telur árgangurinn þá 26 naut. Þessi naut koma til dreifingar innan skamms. Nautin sem um ræðir að þessu sinni eru Gandálfur 12081 frá Keldudal í Hegranesi undan Kola 06003, Eldar 12089 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi undan Stássa 04024, Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi undan Kola 06003, Prúður 12091 frá Neðri-Torfustöðum í Miðfirði undan Birtingi 05043, Dúett 12097 frá Egilsstaðakoti í Flóa undan Birtingi 05043 og Polki 12099 frá Brúnastöðum í Flóa undan Kola 06003.



Rétt er að geta þess að þetta eru fyrstu synir Kola 06003 sem koma til dreifingar.

Að venju má einnig finna pdf-skjal með sömu upplýsingum hér á vefnum en þau geta verið handhæg til útprintunar. Ungnautaspjöld með upplýsingum um þessi naut fara í almenna dreifingu til bænda innan örfárra daga. Þau hafa nú fengið andlitslyftingu og í stað þess að rauður sé einkennandi litur á spjöldunum er grænn litur nú í hávegum hafður. Það er von þeirra sem að útgáfunni standa að þessar breytingar mælist vel fyrir.

PDF af þessari síðu

 Líkar þetta Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

